

AUGLÝSING

um álagningu og innheimtu gjalds vegna stöðvunarbrota.

Samkvæmt heimild í 108. gr. umferðarlaga, nr. 50/30. mars 1987, hefur verið ákveðið að á Akureyri fari álagning og innheimta gjalds vegna stöðvunarbrota einnig fram á vegum Akureyrarbæjar.

Ákvörðun þessi tekur gildi 11. ágúst 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. ágúst 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 317

3. ágúst 1993

AUGLÝSING

um fjárhæð gjalds vegna stöðvunarbrota.

Ákveðið hefur verið að gjald vegna stöðvunarbrota samkvæmt 1. mgr. 108. gr. umferðarlaga, nr. 50/30. mars 1987, sbr. 3. gr. reglna um álagningu og innheimtu gjalds vegna stöðvunarbrota, nr. 104/26. febrúar 1988, skuli vera 1 000 krónur. Í Reykjavík og á Akureyri skal gjald vegna brota á reglum um notkun stöðureita þó vera 700 krónur.

Ákvörðun þessi tekur gildi 11. ágúst 1993.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um fjárhæð gjalds vegna stöðvunarbrota, nr. 66/24. febrúar 1992.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. ágúst 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 318

30. júlí 1993

AUGLÝSING

um umferð á Grenivík í Grýtubakkahreppi.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Grýtubakkahrepps og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Grenivík.

Aðalbrautarréttur verður á eftirtöldum götum:

1. Miðgördum að Ægissíðu.
2. Ægissíðu að Hafnargötu og
3. Hafnargötu og Lundsbraut að Miðgördum.

Biðskyldumerki verða sett upp í samræmi við þessar reglur.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Sýslumaðurinn á Akureyri. 30. júlí 1993.

Elías I. Elíasson.